

Í Vík í Mýrdal eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:



Grunnskóli Mýrdalshrepps

Í grunnskólanum eru um 70 nemendur í 1. -10.bekk. Góður starfsandi og öflugt starfslið. Áhersla á mann-rækt og umhverfi, unnið með samskipti, einstaklings-miðað nám og skrefin sjö að Grænfánanum. Heimasiða skólans er <http://gsm.ismennt.is>

Enskukennari

Grunnskólann vantar enskukennara. Fleira kemur til greina svo sem umsjónarkennsla, upplýsingamennt og heimilisfræði.

Nánari upplýsingar veita :

Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri s: 4871242, kolbrun@ismennt.is
Sveinn Pálsson sveitarstjóri s: 4871210, sveitarstjori@vik.is

Umsóknarfrestur er til 29.maí

Hjallatún

Dvalar- og hjúkrunarheimili Hjallatún er notalegt heimili með um 20 heimilismönnum í hjúkrunar- og vistrýmum.

Hjúkrunarfræðingur

Hjallatún leitar að hjúkrunarfræðingi í 70 % stöðu og bakvaktir aðra hvora viku. Staðan er laus frá 15. ágúst nk. eða eftir samkomulagi.

Aðstoðarmatráður

Einnig laus 70% staða aðstoðarmatráðs frá 1. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri:

Guðlaug Guðmundsdóttir s: 487-1348 eða 868-1181. hjallatun@vik.is

Umsóknarfrestur er til 11. júní.



Suður - Vík

Leikskólinn Suður-Vík er um 30 barna leikskóli og er staðsettur á fallegum stað í einu elsta húsi Víkur.

Leikskólakennari

Við leikskólann er laus 50-100% staða leikskólakennara frá 1. ágúst.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri:

Aðalheiður Sigþórsdóttir s: 4871241 eða 8999607, leikskoli@vik.is

Umsóknarfrestur er til 11. júní

Tónskólinn er til húsa með grunnskóla Mýrdalshrepps og vinnur í nánú samstarfi við grunnskólann. Nemendur eru milli 20 og 30

Tónskólastjóri – tónskólakennari

Við Tónskóla Mýrdælinga er laus ein og hálf staða tónskólastjóra og tónlistakennara.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri s: 4871210, sveitarstjori@vik.is

Umsóknarfrestur er til 11. júní



Mýrdalshreppur
www.vik.is

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem grunn- leik- og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili, íþróttahús og sundlaug. Mikil áhersla er lögð á æskulýðs- og íþróttamál og aðstaða er góð m.a. glæsilegur frjálsíþróttaleikvangur.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og margir möguleikar til útivistar. Vík er í um 2 klst fjarlægð frá Reykjavík og samgöngur eru greiðar árið um kring.

Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar eru fyrir fólk með ferskar hugmyndir. Sveitarfélagið og stofnanir þess eru þátttakendur í verkefni Lýðheilsustöðvar. Allt hefur áhrif einkum við sjálf.